

**Sp.**

**67. Fyrirspurn**

**[67. mál]**

til fjármálaráðherra um viðskiptastaða ríkissjóðs við sveitarfélög vegna þátttöku í framkvæmdum.

Frá Geir Gunnarssyni.

1. Hver er talin viðskiptastaða ríkissjóðs (skuld eða inneign) við einstök sveitarfélög um síðustu áramót vegna eftirtalinna sameiginlegra framkvæmda ríkis og sveitarfélaga:
  - a. grunnskóla og íbúða fyrir skólastjóra,
  - b. dagvistarheimila,
  - c. íþróttamannvirkja:
    1. þess hluta íþróttamannvirkja sem telst skólamannvirki,
    2. þess hluta íþróttamannvirkja sem styrktur er af íþróttasjóði,
  - d. sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða,
  - e. hafnarmannvirkja og lendingarbóta?
2. Hvað má áætla að skuldir ríkissjóðs vegna ofangreindra framkvæmda hafi aukist mikið í heild á árinu 1986?

**Skriflegt svar óskast.**